

Umhverfisstofnun
Áb. 681 SBS SK

03. okt. 2011
8.14.1

Tilv. 10720100800022



Umhverfisstofnun
Bt: Guðmundur B. Ingvarsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Ósk um stækkun á starfsleyfisumsókn.

Íslenska Gámafélagið ehf. kt: 470596-2289 óskar hér með eftir því að starfsleyfisumsókn fyrirtækisins sem til meðferðar er hjá Umhverfisstofnun verði miðuð við 15.000 tonn á ári í stað þeirra 5.000 tonna sem miðað var við í upphaflegu umsókninni.

Í athugasemd frá heilbrigðiseftirliti suðurlands við umrædda starfsleyfisumsókn er talað um móttöku á dýraúrgangi úr áhaettuflokki 1 og 2. Þar sem Heilbrigðiseftirlitið er að öllum líkindum að vitna til er að á svæðinu er gámur fyrir dýrahræ. Íslenska Gámafélagið þjónustar Flóahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp og hluti af þeirri þjónustu er að sjá um dýrahræs gáma í sveitarfélögnum. Tilgangur þeirra er að gera bændum kleift að losa sig við dýrahræ án þess að grafa þau heima við bæ. Bændur setja dýrahræin í gámana í viðkomandi sveitarfélagi og síðan sér Íslenska Gámafélagið um að losa gámana og koma innihaldinu í viðeigandi förgun.

Vegna eðlis þessa úrgangs þarf að losa þessa gáma mjög reglulega og oft á tíðum er mjög lítil þyngd í gámunum. Til að lækka flutningskostnað er hafður dýrahræsgámu á gámsvæði Íslenska Gámafélagsins þar sem safnað er í úr sveitarfélagsgámunum áður er dýrahræin eru flutt til urðunar í Álfnesi. Gámarnir eru einfaldlega losaðir beint í safngáminn án nokkurrar umhleðslu. Þetta er eingöngu gert til að lækka kostnað við förgun þessa úrgangs þar sem enginn staður er til urðunar á suðurlandi.

Skýrt skal tekið fram að allir gámar sem notaðir eru undir dýrahræ eru lokaðir og lekaheldir stálgámar.

Ef frekari upplýsinga er óskað varðandi málið þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Með bestu kveðju

F.h. Íslenska Gámafélagsins ehf.

Birgir Ásgeir Kristjánsson
Framkvæmdarstjóri umhverfissviðs

